



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2026

**Eftirfylgni með ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025, *Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Green parking ehf. vegna gjaldskyldra bílastæða***

**I. Málavextir**

1. Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2025, vísaði stofnunin til ákvörðunar hennar nr. 17/2025, *Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Green Parking ehf. vegna gjaldskyldra bílastæða*. Í bréfinu var einnig vísað til ákvörðunarorða ávörðunarinnar sem voru eftirfarandi:

*„Green Parking ehf., Askalind 1, 201 Kópavogi, hefur með því að upplýsa neytendur ekki um þjónustugjald á bílastæðum í umsjá félagsins brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.*

*Green Parking hefur með því að tilgreina ekki vangreiðslugjald á bílastæðum í umsjá félagsins í bílakjallaranum í Hamraborg og Landspítalanum á Hringbraut brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.*

*Green Parking hefur með því að aðgreina ekki á skýran hátt gjaldsvæði bílastæða sem eru í umsjá Green Parking að Borgartúni 18 og Barónsstíg 2 – 4 brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“*

2. Þá var vísað til bréfs Green Parking til Neytendastofu, dags. 26. ágúst 2025 þar sem fram kom að félagið hafi lokið úrbótum í kjölfar fyrrgreindrar ákvörðunar Neytendastofu og að félagið telji sig þar með hafa brugðist með fullnægjandi hætti við athugasemdum stofnunarinnar. Í bréfinu var lýsing á þeim breytingum sem gerðar höfðu verið.



3. Í bréfi var gerð grein fyrir því að með hliðsjón af bréfi félagsins og ofangreindri ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025 hafi stofnunin ákveðið að fara í vettvangskönnun á eftirfarandi bílastæði sem þjónustuð eru af Green Parking og ákvörðun stofnunarinnar nr. 17/2025 beindist að: Barónsstígur 2 – 4, Borgartún 18, Bílakjallarinn í Hafnartorgi, Bílakjallarinn í Hörpu, Bílakjallarinn í Reykjastræti, N1 Hringbraut, Sigtún 28, Skúlagata 17, Suðurlandsbraut 24, Landsspítalinn á Hringbraut og Vatnsmýraveg 10.
4. Tiltók stofnunin að vettvangskönnunin sem fram fór þann 23. október 2025 hafi leitt í ljós að ákveðnar úrbætur hafi verið gerðar á bílastæðunum. Meðal úrbóta var að gerð væri grein fyrir því að gjald kunni að leggjast á neytendur við að nýta sér stafræna greiðslulausn við greiðslu fyrir viðveru á gjaldskyldum svæðum. Aftur á móti hafi ekki verið gerð grein fyrir fjárhæð þess gjalds sem leggist á neytendur við að greiða með stafrænni greiðslulausn. Þá komi til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds á bílastæðum hjá Landspítalanum á Hringbraut væri komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.
5. Þá var einnig vakin athygli á því að við skoðun Neytendastofu á bílastæði við Barónsstíg 2 – 4 hafi komið í ljós að upplýsingaskilti við innkeyrslu á efra bílastæðið sé staðsett fyrir framan gjaldskytt bílastæði Barónsstígs 4 þar sem annað fyrirtæki rekur gjaldskyld bílastæði. Þá komi að mati Neytendastofu til álita hvort afmörkun gjaldskyldra bílastæða á neðra bílplani að Barónsstíg 2 – 4 sé fullnægjandi eða hvort ruglingshætta kunni að skapast fyrir neytendur vegna þess hversu sýnileg skilti frá Bílastæðasjóði Reykjavíkur er á stæðinu borið saman við sýnileika skilta Green Parking. Það sé því mat Neytendastofu að til álita komi hvort að afmörkun gjaldskyldra bílastæða á efra og neðra plani að Barónsstíg 2 – 4 sé fullnægjandi og kunni þannig að skapa ruglingshættu fyrir neytendur.
6. Vakti stofnunin athygli á ákvæði 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.
7. Þá var athygli vakin á að ef um brot á ákvörðun Neytendastofu sé að ræða komi iðulega til skoðunar hvort beita þurfi sektum eða öðrum úrræðum sbr. IX. kafla laga nr. 57/2005 auk þess að við töku ákvörðunar yrði tekið mið af því að félagið hafi ráðist í ákveðnar úrbætur er viðkemur upplýsingagjöf á gjaldskyldum svæðum í umsjá félagsins.
8. Svar Green Parking barst Neytendastofu, dags. 17. desember 2025. Í bréfinu kom fram að félagið hafi lokið við frekari úrbætur í kjölfar bréfs Neytendastofu.



9. Hvað varði fjárhæð þess gjalds sem leggst á ef greitt sé með stafrænni greiðslulausn kom fram að þegar neytandi leggi í gjaldskylt bílastæði í umsjón félagsins bjóðist honum að nýta sér ýmsar greiðsluleiðir kjósi hann að greiða fyrir afnot á staðnum. Kjósi hann að greiða í gegnum greiðslulausn Green Parking (QR kóði) eða greiðsluvél á staðnum, ef við á, greiðist ekki sérstakt færslugjald. Kjósi neytandi aftur á móti að greiða í gegnum greiðslulausn þriðja aðila, t.a.m. EasyPark, kann að leggjast á færslugjald sem rekstraraðili viðkomandi greiðslulausnar ákveður og leggur á og neytandi sé upplýstur um við notkun greiðslulausnarinnar.
10. Þá kom fram að færslugjald sem neytandi greiðir við notkun greiðslulausnar þriðja aðila sé háð skilmálum og ákvörðun viðkomandi rekstraraðila á hverjum tíma. Þá kunni neytendur einnig að vera í mánaðarlegri áskrift og greiði þá mánaðargjald til rekstraraðila greiðslulausnar í stað færslugjalds. Aftur á móti sé nýting greiðslulausnar þriðja aðila hvorki forsenda né skilyrði fyrir nýtingu á bílastæðapjónustu Green Parking, þar sem þeim standi til boða að greiða fyrir afnot með því að nota greiðslulausn Green Parking (QR kóði) án endurgjalds eða með því að nota greiðslulausn á staðnum, ef við á. Færslugjald falli því aðeins til ef neytendur kjósi að nýta sér greiðslulausn þriðja aðila með sama hætti og gjöld kunni að leggjast á færslur greiðslukorta sem neytendur noti til að greiða fyrir vörur eða þjónustu.
11. Þá var vísað til þess að í bréfi Neytendastofu væri athygli vakin á 17. gr. laga nr. 57/2005 og reglum nr. 537/2011 sem hafi verið settar á grundvelli ákvæðisins og kveði á um að fyrirtæki skuli verðmerkja vörur sínar og þjónustu. Félagið telji að færslugjöld eða mánaðargjöld sem rekstraraðili greiðslulausnar leggi á viðskiptavinum sína varði ekki veitingu Green Parking á verðupplýsingum fyrir þjónustu sem félagið veiti og varði því ekki reglur nr. 537/2011. Þá var vísað til þess að umrædd færslu- eða mánaðargjöld séu ekki hluti af verði þjónustunnar enda sé samkvæmt framansögðu hægt að greiða fyrir hana án þess að nota greiðslulausn þriðja aðila. Þá hafi félagið eðli málsins samkvæmt ekki forræði á því hvort og að hvaða marki rekstraraðilar greiðslulausna innheimti færslugjöld af viðskiptavinum sínum enda sé um að ræða viðbótarþjónustu sem þriðji aðili veitir og rukkar fyrir. Félagið telji að það hljóti að vera á ábyrgð viðkomandi rekstraraðila greiðslulausna að upplýsa neytendur um öll þau gjöld sem leggist á við notkun greiðslulausnarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 537/2011, sem veitandi þeirrar þjónustu með sama hætti og útgefendur greiðslukorta upplýsa viðskiptavinum sína um gjöld sem leggist á færslur þegar þau eru notuð til greiðslu.
12. Þá kom fram að félagið telji neytendur vera upplýsta um að annar kostnaður bætist við söluverð vegna gjaldskyldra bílastæða í rekstri félagsins, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 537/2011, en fjárhæð þess sé háð ákvörðunarvaldi og viðskiptasambandi neytenda og



rekstraraðila greiðslulausna hverju sinni eins og áður hafi verið nefnt í bréfinu. Þá kom fram að félagið telji viðskiptahætti þess ekki varða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 enda raski þeir hvorki né séu þeir líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Félagið bendir á að við mat á því hvort háttsemi fyrirtækis teljist óréttmæt í skilningi laganna beri að skoða hvort háttsemin geri það að verkum að neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði annars ekki tekið, sbr. athugasemdir við d. lið 2. gr. breytingarlaga nr. 50/2008. Þá kom fram að óumdeilt sé að neytendur séu upplýstir um að viðbótargjald kunni að leggjast á við nýtingu greiðslulausnar þriðja aðila. Við slíka upplýsingagjöf séu neytendur líklegri til að nýta sér greiðslulausn Green Parking (QR kóði) eða greiðsluvél á staðnum, ef við á, án sérstaks endurgjalds. Þá séu neytendum ekki veittar villandi upplýsingar í skilningi d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Félagið telji sig ekki veita rangar upplýsingar um verð þjónustu eða aðferð við útreikning á verði eða hvort um annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum í skilningi ákvæðisins. Þá telji félagið upplýsingagjöf þess um að viðbótargjald kunni að leggjast á við notkun greiðslulausnar þriðja aðila ekki vera í andstöðu við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 sem kveði á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megj að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

13. Þá kom fram að félaginu sé umhugað að upplýsa neytendur um að gjald kunni að leggjast á við notkun greiðslulausnar þriðja aðila og er það sérstaklega tekið fram á skiltum félagsins. Samkvæmt framansögðu telji félagið þó nær útilokað að tilgreina nákvæma fjárhæð eða verðbil færslugjalds sem fylgir notkun greiðslulausnar þriðja aðila á skiltum sínum þar sem félagið hafi ekki forræði á ákvörðun um innheimtu eða fjárhæð slíkra færslugjalda eða hvort þau á annað borð greiðist, t.a.m. vegna áskriftarmöguleika. Þá er bent á að slíkt sé á forræði og ábyrgð rekstraraðila viðkomandi smáforrits sem neytendur séu í viðskiptasambandi við.
14. Þá bendir félagið á að úrval greiðslulausna þriðju aðila sé sífellt að aukast og að ekki sé útilokað að neytendum muni standa til boða að nota fleiri slíkar lausnir til að greiða fyrir þjónustu á svæðum í umsjón félagsins. Félagið telji óraunhæft að gera þá kröfu að það verði að tilgreina fjárhæð færslugjalds eða önnur sambærileg gjöld rekstraraðila greiðslulausna á svæðunum enda hafi félagið ekki forræði á fjárhæð slíkra gjalda eða breytingum þeirra. Þá telji félagið að krafa um að tilgreina þurfi verðbil hjá hverjum einasta rekstraraðila greiðslulausna gæti raunar frekar leitt til þess að upplýsingagjöf til neytenda verði torskildari og aukið líkur á að upplýsingar verði misvísandi þar sem félagið hafi ekki forræði á færslugjöldum greiðslulausnanna. Því telji félagið að slík krafa myndi vinna gegn settum markmiðum um skýrar og aðgengilegar verðupplýsingar fyrir



neytendur og hamla möguleikum félagsins á að veita neytendum frekara úrval greiðsluleiða, þeim til hægðarauka.

15. Hvað varði merkingar við Landspítalann á Hringbraut bendir félagið á að það hafi brugðist strax við ábendingu stofnunarinnar og haft samband við Landspítalann á Hringbraut sem hafi umsjón með hönnun og uppsetningu skilta vegna gjaldtöku á svæðinu. Þá kom fram að minni skilti hafi verið lækkuð niður um 50 cm og séu nú í u.þ.b. 230 cm hæð til að auka sýnileika þeirra. Þá sé tiltekin fjárhæð vangreiðslugjalds sem leggst á ef ekki sé greitt, bæði á ensku og íslensku og er fjárhæðin skrifuð með feitu lettri. Auk þessu séu neytendur jafnframt upplýstir um þau færslugjöld sem leggist á við greiðslu með greiðslulausn þriðja aðila, þ.e. lægsta og hæsta mögulega gjald í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, en líkt og áður segir fái félagið ekki annað séð en að eftirfylgni og uppfærsla slíkra upplýsinga yrði tyrfin og illfrámkvæmanleg enda sé ákvörðun fjárhæðar færslugjalds og innheimtu þeirra ekki á forræði Green Parking. Þá voru meðfylgjandi bréfinu myndir af 50x50 cm límmiða sem límdur hafi verið á öll skilti og ljósmynd af merkingum eftir að límmiðanum hafi verið komið fyrir og skilti lækkuð. Þá kom fram að allar merkingar höfðu verið uppsettar 3. desember sl.
16. Hvað varði Barónsstíg 2 – 4 kom fram að félagið hafi í lok september sl. betrubætt merkingar á efra bílastæði fyrir aftan Fosshótel Barón. Þá hafði verið komið fyrir nýju EasyPark skilti á gámageymslu sem sé á hægri hönd þegar ekið er út af bílastæðinu. Jafnframt hafi sérstaklega verið komið fyrir nýju skilti vinstra megin við innkeyrslu inn á gjaldskylt bílastæðið þar sem græn ör vísi niður ramp og inn á bílastæðið. Félagið fái ekki séð af staðsetningu og gerð síðargreinds skiltis að afmörkun bílastæða á efra plani Barónsstígs sé ófullnægjandi eða henni fylgi ruglingshætta fyrir neytendur í samræmi við athugasemdir Neytendastofu. Á skiltinu vísi græn ör á gjaldskylt bílastæði í rekstri félagsins auk þess sem skiltið sé sérstaklega merkt Barónsstíg 2 en ekki Barónsstíg 4 þar sem annar aðili sinnir rekstri gjaldskyldra bílastæða.
17. Þá kom fram að félagið hafi gert frekari úrbætur á neðra bílastæði fyrir framan Fosshótel Barón í kjölfar bréfs Neytendastofu. Þar var skilti stækkað og hækkað í sjónlínu ökumanna svo það sé sýnilegt þegar bifreið er lagt. Umrætt skilti sé staðsett fyrir framan skilti bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar og sérstaklega merkt Fosshótel Barón. Félagið telji staðsetningu skiltis Bílastæðasjóðs óheppilega þar sem sjóðurinn hafi staðsett skilti sitt á gangstéttinni á mörkum lóðanna. Þá bendir félagið á að telji stofnunin mögulega ruglingshættu vera til staðar þrátt fyrir úrbætur félagsins að nauðsynlegt sé að Bílastæðasjóður geri viðhlítandi úrbætur vegna eigin merkinga.



18. Með bréfinu fylgdu myndir af þeim breytingum sem átt höfðu sér stað á bílastæði að Barónsstíg 2 – 4. Að lokum kom fram að með framangreindum úrbótum telji félagið sig hafa brugðist með fullnægjandi hætti við þeim athugasemdum sem gerðar voru í bréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2025 í samræmi við ákvörðunina.
19. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. mars 2026, var félaginu tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar hjá stofnuninni.

## II. Niðurstaða.

20. Í máli þessu kemur til álita hvort Green Parking ehf. hafi gert viðeigandi úrbætur á upplýsingagjöf og viðskiptaháttum til samræmis við ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025. Með þeirri ákvörðun komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að félagið hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglum nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að upplýsa neytendur ekki um þjónustugjald á bílastæðum í umsjá félagsins, tilgreina ekki vangreiðslugjald á bílastæðum í umsjá félagsins í bílakjallaranum í Hamraborg og Landspítalanum á Hringbraut og með því að aðgreina ekki á skýran hátt gjaldsvæði bílastæða sem eru í umsjá félagsins að Borgartúni 18 og Barónsstíg 2 – 4.
21. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 8. gr. eru þeir viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla alltaf óréttmætir. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Í 1. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a. – g. lið 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í d. lið 1. mgr. 9. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Þá kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem



telja megi að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að fyrirtæki sem selji vörur eða þjónustu til neytenda, skuli verðmerkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Á grundvelli 17. og 18. gr. laganna hefur stofnunin sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Í 1. mgr. 3. gr. reglnanna segir að á sölustað sé skylt að gefa upp verð fyrir þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum krónum og að ef annar kostnaður bætist við söluverðið þurfi að taka það sérstaklega fram. Þá segir í 1. mgr. 4. gr. reglnanna að verðskrá fyrir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt og skuli verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að ljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin eigi við.

*Upplýsingagjöf um fjárhæð gjalds fyrir að greiða með stafrænni greiðslulausn.*

22. Í svörum Green Parking hefur komið fram að nýting greiðslulausnar þriðja aðila sé hvorki forsenda né skilyrði fyrir nýtingu á bílastæðapjónustu félagsins þar sem þeim standi til boða að greiða fyrir afnot með því að nota greiðslulausn félagsins (QR kóði), án endurgjalds eða með því að nota greiðsluvél á staðnum, ef við á.
23. Við skoðun Neytendastofu á gjaldskyldum bílastæðum í umsjá Green Parking að Borgartúni 18 kom í ljós að neytendur eru upplýstir um það á skiltum svæðisins að hægt sé að greiða fyrir viðveru með EasyPark og að sé ekki greitt fyrir viðveru með EasyPark greiðslulausninni sé innheimt vangreiðslugjald. Þá var hvergi að finna upplýsingar á gjaldskylda svæðinu um að önnur greiðslulausn en EasyPark standi neytendum til boða auk þess að enga greiðsluvél var að finna á svæðinu. Þá voru neytendur ekki upplýstir um fjárhæð færslugjalds, hvorki við innkeyrslu á svæðið eða á svæðinu sjálfu.
24. Í svörum félagsins hefur einnig komið fram að félagið telji að færslugjöld eða mánaðargjöld sem rekstraraðili greiðslulausnar leggur á viðskiptavinum sína ekki varða veitingu þess á verðupplýsingum fyrir þjónustu sem félagið veitir og því ekki varða reglur nr. 537/2011. Þá telji félagið það vera á ábyrgð viðkomandi rekstraraðila greiðslulausna að upplýsa neytendur um öll þau gjöld sem leggjast á við notkun greiðslulausnarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 537/2011, sem veitandi þeirra þjónustu. Þá vísaði félagið til þess að krafa um að tilgreina þurfi verðbil hjá hverjum einasta rekstraraðila greiðslulausna geti leitt til þess að upplýsingagjöf til neytenda verði torskildari og aukið líkur á að upplýsingar verði misvísandi þar sem félagið hafi ekki forræði á færslugjöldum greiðslulausnanna.
25. Með hliðsjón af svörum félagsins og úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 3/2025 og 5/2025 verður ekki færð skylda á Green Parking til að veita upplýsingar um viðbótargjöld ef neytendur greiða fyrir viðveru á bílastæðinu með greiðslulausn EasyPark



þar sem aðrar greiðslulausnir standa neytendum til boða enda er síðarnefnda félagið sjálfstætt fyrirtæki gagnvart Green Parking.

26. Að mati Neytendastofu verður að líta til þess að neytendur eru einungis upplýstir um greiðslulausn EasyPark á gjaldskyldum bílastæðum að Borgartúni 18 og að sé ekki greitt með greiðslulausn EasyPark er rukkað 4.500 kr. vangreiðslugjald. Bendir því upplýsingagjöf á gjaldsvæði félagsins til þess að notkun á greiðslulausn EasyPark sé órjúfanlegur hluti af viðskiptum við Green Parking vilji neytendur greiða fyrir viðveru án þess að eiga á hættu á að fá kröfu um vangreiðslugjald að fjárhæð 4.500 kr. Þá ber að líta til þess að Green Parking kemur fram fyrir hönd eigenda þeirra bílastæða sem félagið þjónusti og eigi neytendur í samskiptum við félagið komi upp vandamál vegna greiðslu fyrir afnot af bílastæðinu.
27. Þá vísar Neytendastofa til þess að á seljendum hvílir afdráttarlaus skylda til að upplýsa neytendur um endanlegt verð eða, ef ómögulegt er að tilgreina endanlegt verð fyrir fram, alla þá þætti sem áhrif hafa á endanlegt verð áður en gengið er til viðskipta enda um að ræða upplýsingar sem hafi áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Til þess að upplýsingakröfum sé fullnægt þurfa merkingar að vera skýrar, aðgengilegar og augljóst hvaða þjónustu átt er við. Fyrirtækjum ber því að ganga úr skugga um að hönnun verðskrár á gjalddökustað verði til þess að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um mikilvæga þætti við töku ákvörðunar, þ.m.t. verð þjónustunnar.
28. Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að Green Parking beri að upplýsa neytendur um fjárhæð færslugjalds á bílastæði sem það hefur umsjón með að Borgartúni 18 enda eru neytendum ekki kynntar aðrar eða gjaldfrjálsar greiðsluleiðir. Hefur Green Parking því með því að tilgreina ekki fjárhæð gjalds fyrir notkun á stafrænni greiðslulausn brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu og ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025. Í því felst jafnframt brot gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025.

*Upplýsingar um vangreiðslugjald á bílastæðum í umsjá félagsins að Landspítalanum á Hringbraut.*

29. Líkt og fram hefur komið stendur neytendum til boða að greiða fyrir bílastæði með stafrænni greiðslulausn eða greiðsluvél á staðnum (ef við á). Greiði notandi bílastæðis ekki fyrir afnotin á staðnum eða kýs að greiða fyrir viðveru eftir á bætist við vangreiðslugjald. Við skoðun Neytendastofu á bílastæði Green Parking hjá Landspítalanum á Hringbraut kom í ljós að upplýsingar um vangreiðslugjald voru



tilgreindar innan um annan texta á skilti sem staðsett var ofarlega á ljósastaurum við hlið þess skiltis sem verðskrá var birt og í annarri leturtegund og leturlit.

30. Í svörum Green Parking hefur m.a. komið fram að í kjölfar ábendinga stofnunarinnar hafi félagið haft strax samband við Landspítalann við Hringbraut sem hafi umsjón með hönnun og uppsetningu skilta vegna gjaldtöku á svæðinu. Þá kom fram að í kjölfarið hafi minni skilti verið lækkuð niður um 50cm og séu nú í u.þ.b. 230 cm hæð til að auka sýnileika þeirra sem og að 50x50 cm límmiðar hafi verið límdir á öll skilti svæðisins. Fylgdi í kjölfarið skjáskot af límmiðanum, þar sem sjá má að letur er nú í sama lit og verð fyrir viðveru auk ljósmyndar af útliti skiltanna á gjaldsvæðinu.
31. Skyldan til að birta upplýsingar um verð þjónustu felur ekki aðeins í sér skyldu til að birta þær heldur fylgir því jafnframt að upplýsingarnar þurfa að vera auðssjáanlegar. Neytendur ættu því að geta séð verð þjónustunnar með auðveldum hætti án fyrirhafnar og ekki þurfa að leita að upplýsingum um verðið. Mat á því hvort að birting upplýsinganna sé nægilega skýr eru eðli málsins samkvæmt háð mati í hverju tilviki fyrir sig enda kann matið að byggja á samverkandi þáttum.
32. Að mati Neytendastofu, þegar litið er til leturtegundar, leturlits og staðsetningar upplýsinga um vangreiðslugjalds innan um annan texta á skilti sem aðskilið var verðskrá gjaldskyldra bílastæða við Landspítalann á Hringbraut, á þeim tíma er skoðun stofnunarinnar fór fram, er það afstaða stofnunarinnar að upplýsingum um vangreiðslugjald hafi ekki verið komið á framfæri til neytenda með skýrum og auðsjáanlegum hætti.
33. Með vísan til framangreinds hefur Green Parking ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005 auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 með því að birta ekki upplýsingar um vangreiðslugjald með áberandi og auðssjáanlegum hætti á bílastæðum Green Parking við Landspítalann á Hringbraut. Að mati Neytendastofu hefur félagið þar með ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar að fullu samkvæmt ákvörðun nr. 17/2025.

*Afmörkun gjaldsvæðis í umsjá Green Parking að Barónsstíg 2 – 4.*

34. Á Barónsstíg 2 – 4 hefur Green Parking umsjá með tveimur aðskildum bílastæðum við húsið, annað við húsið ofanvert og hitt neðanvert. Bæði bílastæðin hafa aðliggjandi gjaldskyld stæði sem eru í umsjá annarra aðila. Við skoðun Neytendastofu varð stofnunin þess vör að upplýsingaskilti við innkeyrslu á efra bílastæði sé staðsett við gjaldskyld bílastæði Barónsstígs 4 sem annað fyrirtæki rekur. Þá kom til álita í kjölfar skoðunarinnar



hvort að afmörkun neðra bílastæðis væri nægileg með vísan til þess hversu sýnilegt skilti Bílastæðasjóðs Reykjavíkur væri samanborið við skilti Green Parking.

35. Í svörum Green Parking hefur þess verið getið, að því er efra bílastæðið varðra, að sett hafi verið upp skilti frá EasyPark við gámageymslu á hægri hendi þegar ekið sé út af bílastæðinu, í september sl. Þá hafi jafnframt verið sett upp skilti vinstra megin við innkeyrsluna á gjaldskylda bílastæðið með grænni ör sem vísi niður rampinn og inn á bílastæðið. Á síðarnefnda skiltinu sé græn ör sem vísi á gjaldskylt bílastæði í rekstri félagsins og skiltið sérstaklega merkt Barónsstíg 2 en ekki Barónsstíg 4 þar sem annar aðili sinni rekstri gjaldskyldra bílastæða.
36. Líkt og fram hefur komið er upplýsingaskilti á efra plani Barónsstígs 2 – 4 staðsett fyrir framan gjaldskyld bílastæði Barónsstígs 4 sem annað fyrirtæki rekur. Að mati Neytendastofu getur staðsetning umrædds skiltis orðið til þess að neytendur átti sig ekki á afmörkun gjaldskylds stæðis í rekstri Green Parking og telji sig vera að leggja á gjaldskyldu svæði Green Parking með þeim afleiðingum að þeir fái síðar kröfu ásamt viðbótargjöldum frá rekstraraðila gjaldskylds svæðis að Barónsstíg 4. Þá telur Neytendastofa að staðsetning skiltis vinstra megin við innkeyrslu og við útkeyrslu af gjaldskylda bílastæðinu að Barónsstíg 2 – 4 leiði ekki til þess að neytendur séu upplýstir um að bílastæði að Barónsstíg 4 sem staðsett eru fyrir framan skilti Green Parking séu ekki innan gjaldskylds svæðis Barónsstígs 2 – 4.
37. Í svörum félagsins hefur einnig komið fram að félagið hafi gert frekari úrbætur á neðra bílastæði Barónsstígs 2 – 4 í kjölfar bréfs Neytendastofu. Breytingarnar hafi falið í sér að skilti Green Parking fyrir framan skilti Bílastæðasjóðs Reykjavíkur var stækkað og hækkað í sjónlínu ökumanna svo það sé sýnilegt þegar bifreið er lagt. Þá hafi skiltið verið sérstaklega merkt Fosshótel Barón.
38. Þegar skoðun Neytendastofu fór fram hafði fyrrnefnt skilti ekki verið uppsett heldur var skilti frá EasyPark við horn bílastæðisins þar sem skilti Bílastæðasjóðs Reykjavíkur var staðsett. Umrætt skilti frá EasyPark fól einungis í sér upplýsingar um númer gjaldskylds svæðis en ekki hver rekstraraðili þess væri, heimilisfang eða annað auðkenni svæðisins sem gefur til kynna að bílastæðið væri ekki á vegum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur. Þá er það mat Neytendastofu að staðsetning skiltis Bílastæðasjóðs Reykjavíkur samanborið við sýnileika skilta gjaldsvæðis á neðra bílastæði Barónsstígs 2 – 4 leiði til þess að neytendur telji sig geta greitt fyrir bílastæðið með greiðslu til Bílastæðasjóðs. Þá er það mat Neytendastofu að rekstraraðilum gjaldskyldra bílastæða beri að haga merkingum á gjaldskyldu svæði með þeim hætti að ekki sé hætta á að neytendur viti ekki hvar gjaldskylda svæðið hefst og það endi.



39. Með vísan til framangreinds telur stofnunin að fyrrnefndur óskýrleiki á afmörkun efra og neðra gjaldsvæðis Barónsstígs 2 – 4 sé til þess fallinn að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti við Green Parking og teljist því villandi sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 en viðskiptahættir sem brjóta í bága við 2. mgr. 9. gr. teljast óréttmætir sbr. 1. mgr. 8. gr. fyrrnefndra laga.
40. Með vísan til framangreinds hefur Green Parking ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025 með því að aðgreina ekki með nægilega skýrum hætti gjaldsvæði bílastæða í umsjá Green Parking að Barónssíg 2 – 4.

#### *Úrræði Neytendastofu*

41. Undir rekstri málsins tóku gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirliggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.
42. Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 telur stofnunin rétt að banna Green Parking að viðhafa framangreinda viðskiptahætti er varða skort á upplýsingum um færslugjald við Borgartún 18, ófullnægjandi birtingu vangreiðslugjalds við Landspítala að Hringbraut og afmörkun efra bílastæðis að Barónsstíg 2 – 4. Beinir stofnunin jafnframt þeim fyrirmælum til Green Parking að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.
43. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (lex mitior). Brot vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 en sektarramma vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarramma en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.
44. Með vísan til framangreinds og með heimild í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026 telur Neytendastofa brot Green Parking alvarlegt og til þess fallið að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að teljast til villandi viðskiptahátta. Að teknu tilliti til þessa, umfangi brotsins, umbótavilja og aðgerða félagsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að um sé að ræða brot á fyrri ákvörðun



Neytendastofa, telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Green Parking ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur) sbr. 33. gr. laga nr. 44/2026.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Green Parking ehf., Askalind 1, 201 Kópavogi, hefur með því að tilgreina ekki fjárhæð gjalds fyrir notkun á stafrænni greiðslulausn, á bílastæði að Borgartúni 18, brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu og ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025.

Green Parking ehf. hefur með því að birta ekki upplýsingar um vangreiðslugjald með áberandi og auðssjáanlegum hætti á bílastæðum Green Parking við Landspítalann á Hringbraut brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Green Parking ehf. hefur með því að aðgreina ekki á skýran hátt gjaldsvæði bílastæða sem eru í umsjá Green Parking að Barónsstíg 2 – 4 brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2025.

Með heimild í a. lið 2. mgr. 20. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 bannar Neytendastofa Green Parking ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti er varða skort á upplýsingum um fjárhæð færslugjalds við Borgartún 18, birtingu vangreiðslugjalds við Landspítala að Hringbraut og afmörkun efra bílastæðis að Barónsstíg 2 – 4. Beinir stofnunin þeim fyrirmælum til Green Parking ehf. að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Green Parking að fjárhæð 400.000 (fjögur hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“



Neytendastofa, 29. júní 2026

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir